

Nd.

767. Frumvarp til laga

[410. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Barnið sjálft sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 17. gr. barnalaganna, nr. 9 frá 15. apríl 1981, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa upp á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Í frumvarpi þessu felst það að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilað að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmenna á aldrinum 18–20 ára, ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir og enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. Er að finna í frumvarpinu ítarleg ákvæði og nánari útfærslu þessarar heimildar. Þá er og tryggingaráði heimilað að kveða upp úrskurð um þetta efni að nánar uppfylltum skilyrðum. Þess skal getið að nefndin fjallaði á fundum sínum um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981, sem flutt er af Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur, þskj. 13. Eru efnisatriði þess frumvarps tekin upp í þetta frumvarp sem allsherjarnefnd flytur, en hér er hins vegar gert ráð fyrir heimild lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar til greiðslu barnalífeyris án þess að valdsmaður úrskurði um það á grundvelli barnalaganna. Þá er í þessu frumvarpi og fjallað um ýmis önnur atriði er varða hlutverk lífeyrisdeildarinnar og tryggingaráðs á þessu sviði. Þótti nefndinni ekki standa efni til að gera breytingar á barnalögum, nr. 9/1981, í þessu skyni.